

Hafnarfjarðarbær
Berglind Guðmundsdóttir
Strandgötu 6
220 HAFNARFJÖRÐUR

Garðabær, 11. maí 2024
Málsnúmer: 202404-0025
LA

Efni: Umsögn um skipulags- og matslýsingu fyrir breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 og deiliskipulagsáætlanir vegna borteiga Coda Terminal

Vísað er í tölvubréf frá Hafnarfjarðarbæ, sem barst gegnum Skipulagsgátt þann 11. apríl 2024. Þar er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulags- og matslýsingu fyrir breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 og nýjar deiliskipulagsáætlanir fyrir borteiga Coda Terminal suður af Straumsvík.

Efni þessarar aðalskipulagsbreytingar er að tryggja heimildir á aðalskipulagsstigi til þess að koma megi fyrir 8 borteigum til niðurdælingar CO2 á völdum stöðum í Hafnarfirði og tryggja nauðsynlegar lagnaleiðir að þeim. Aðstæður fyrir þessa tilraunastarfsemi eru metnar ákjósanlegar í Straumsvík og nágrenni.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn til Hafnarfjarðarbæjar, þann 29. febrúar 2024, um skipulags- og matslýsingu fyrir breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulagi vegna borteiga Coda Terminal suður af Straumsvík. Ekki er að sjá að miklar breytingar á skipulagslýsingu hafa verið gerðar frá fyrri tillögu og vísar stofnunin í fyrri umsögn sína og gerir eftirfarandi athugasemdir.

Náttúrufræðistofnun telur það slæma þróun að hverfisverndarsvæði skuli breytt í iðnaðarsvæði til að koma fyrir borteigum og á það sérstaklega við um borteig nr. 4 sem er staðsettur sunnan við slóða þar sem rask á nútímahrauni og ásýndarbreyting verður mikil. Þá mun einnig verða rask á hraunum vegna slóða og lagnaleiða að borteigunum. Náttúrufræðistofnun leggur til að staðsetning á syðstu borteigunum, merktir nr 4, 6 og 7, verði endurskoðuð þar sem um eru að ræða lítt eða öröskuð svæði í nútímahrauni sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Þá væri full þörf á að meta verndargildi hverfisverndarsvæðisins, HVb8, áður en farið er í breytingar á landnotkunarflokki skipulagsins.

Í umhverfismatsskýrslu skipulagsáætlana fellur náttúruvá undir öryggi, hvort sem hún er náttúruleg eða manngerð, og er metin óveruleg. Full þörf er að vakta jarðhræringar innan svæðisins og að til sé viðbragðsáætlun framkvæmdaraðila. Öryggi/náttúruvá eru metin óveruleg, en Náttúrufræðistofnun telur áhrifin óviss.

Full ástæða er til að gera grein fyrir eftirliti og vöktun loftgæða innan iðnaðarsvæðisins vegna nálægðar við íbúðabyggð.

Mikil óviss eru um áhrif niðurdælingar á grunnvatn innan svæðisins, eins og fram kemur í skipulagsáætlun, og því er mikilvægt staðið sé vel að rannsóknum á vatnsgæðum og að reglubundin vöktun sé með starfsemi. Jafnframt kemur fram að mótvægisáðgerðir felast í



hönnun vatnsöflunar- og niðurdælingarfyrirkomulags og vöktun vatnafars verði í samræmi við leiðbeiningar og kröfur Orkustofnunar og Vatnaáætlun 2022-2027.

Heildaráhrif af starfsemi Coda Terminal eru talin óveruleg eða jákvæð í umhverfismatsskýrslunni. Náttúrufræðistofnun telur hins vegar að margir óvissuþættir séu enn til staðar og ljóst er að all nokkurt rask á náttúruminum mun fylgja innviðauppbýggingu starfseminnar.

Virðingarfyllst,



Lovísa Ásbjörnsdóttir
Jarðfræðingur, Náttúruverndarsvið

